

Ásahreppur
Laugaland
851 Hella

Garðabær, 9. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0076
BK

Efni: Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Kálfholt

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 19. janúar 2024, þar sem Ásahreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Kálfholt. Um er að ræða skiptingu lóðar í sex landskika eða búgarða sem hver um sig yrði 10-13 ha að stærð. Á hverjum búgarði yrði heimild til að byggja íbúðar- og útihús.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Skipulagssvæðið er lítt raskað og votlendi innan þess nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013 (<https://serstokvernd.ni.is/>) en megninu af votlendi á Suðurlandi hefur verið raskað með framræslu (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998). Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) flokkast votlendi innan svæðisins sem starungsflóavist og runnamýravist á láglandi en báðar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, sem og língresis- og vingulsvist sem hefur hátt verndargildi. Þessar þrjár vistgerðir hafa allar mikinn kolefnisforða í jarðvegi, einkum mýravistgerðirnar. Vestasti hluti svæðisins einkennist af víðikjarrvist sem einnig hefur mjög hátt verndargildi ásamt því að vera á lista Bernarsamningsins.

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hversu hátt hlutfall af Evrópustofnum þeirra nýta Ísland til varps. Umrætt svæði er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast (Tómas Grétar Gunnarsson 2020).

Á skipulagssvæðinu má reikna með miklu fuglalífi, hvort sem er í votlendi eða þurrlandari hlutum svæðisins. Til að mynda er jafnan gríðarlega mikið um spóa í varpi í víðikjarrvist í grennd við stórar jökulár og er þéttleikinn einhver sá mesti sem þekktist í heiminum. Þá er ekki ólíklegt að kjói verpi innan svæðisins en hann er algengur varpfugl nokkru sunnar við Þjórsá og er á valista flokkaður sem tegund í hættu.

Hér er um að ræða að lítt raskað land sem er að stærstum hluta votlendi og stendur undir miklu fuglalífi. Náttúrufræðistofnun telur varhugavert að setja fordæmi fyrir búgarðabyggð sem þessari á slíku landi. Lítt raskað votlendi hefur mjög hátt verndargildi vegna kolefnisbindingar auk þess sem mýrar gegna mikilvægri vistkerfisþjónustu, Með framkvæmdum sem t.d. breyta jarðvatnsstöðu eða losa um jarðveg mýranna mun kolefni losna út í andrúmsloftið með



tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Á tímum loftslagsbreytinga ætti skipulag byggðar að taka ríkt tillit til votlendis.

Náttúrufræðistofnun vill því hvetja til þess að forðast verði frekara rask á votlendi innan svæðisins og leitast við að hlífa sem stærstum, samfelldum búsvæðum fugla við mannvirkjagerð.

Heimildir:

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Jóhann Þórsson, Svafa Sigurðardóttir, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannson 1998. Röskun votlendis á Suðurlandi. Í: Íslensk votlendi – verndun og nýting, bls. 131-142. Háskólaútgáfan.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

